# Dagskrárskjöl bygginarnefndar 1908-1913

Aðfnr. 1326 b, örk 42

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

Brf. 12/3 '10

By. 4

Jeg undirskrifaður leyfi mjer hjermeð að fara þess á leit við hina háttvirtu byggingarnefnd að jeg fái keypta lóð undir fyrirhugað hús er jeg nú sendi byggingarnefndinni uppdrætti af. Lóð þessi liggur meðfram Laugaveginum, fyrir innan Spítalaveginn; og vildi jeg fá hana útmælda þannig 160 al. sjeu mældar til austurs frá Spítalavegi, og þarfrá sjeu mjer svo mældar 50 al meðfram Laugavegi og eru þá eptir innað landi Einars Benediktssonar meðfram Laugavegi c. 432 kl: al:

Virðingarfyllst

Reykjavík 11 Marz 1910

Helgi Jónsson

Til

byggingarnefndarinnar í Reykjavík

B. Rvk. 16/1910 By. 4

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Byggingarnefndarfundr 12. mars 1910

1. Landsbankinn
2. Helgi Jónsson.
3. Thomsen
4. Jóhannes Lárusson. Íbúð
5. do – Geymsluhús
6. Frú El. Sveinsson
7. Fredriksen. –
8. Lárus Bjarnason. –




Vestrgata

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reykjavík 5. marz 1910

Jafnframt því að senda hinni háttvirtu byggingarnefnd uppdrátt til fyrirhugaðs húss, 8 blöð, ásamt eptirmynd uppdráttarins, 6 blöð, svo og uppdrátt af lóð þeirri er húsið á að byggjast á, austurhorni Melstedshúss við Tjarnargötu, leyfi jeg mjer að mælast til þess, að nefndin leyfi að byggt verði hús handa mjer á greindum stað, samkvæmt uppdrættinum, þannig að húsið snúi aðalhlið að Tjarnargötu, en standi 5-8 álnir frá vesturtakmörkum lóðar og naustargafl 5 álnir frá lóðarmörkum gegnt norðri.

Með væntanlegu leyfi óskast aðaluppdrátturinn að húsinu endursendur og lóðaruppdráttur, en jeg skila byggingarfulltrúa eptirmynd hans.

[illegible]

Til
byggingarnefndar Reykjavíkur. —

166/1910 Bygg.

B. Rok [illegible]

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

**THOMSENS MAGASÍN**
H. TH. A. THOMSEN.
REYKJAVÍK.

SÍMNEFNI: H A T. TALSÍMI: I, 2, 3.

Reykjavík 6. Maí 1910.

Hjermeð leyfi jeg mjer að leita leyfis hinnar háttvirtu byggingarnefndar til þess, að gjöra á austurhluta hússins nr. 21 í Hafnarstræti þessar breytingar:

1.) Byggja reykháf við austurgafl hússins.

2.) Hækka 3 austustu gluggana niðri á suðurhlið hússins, þannig að þeir nái jafnhátt og vestri gluggarnir, og ennfremur setja nýjan glugga á sömu hlið.

3.) Setja skilrúm þvert yfir um húsið, austanvert við dyrnar.

4.) Setja skilrúm inn í mitt húsið, vestanvert við dyrnar.

5.) Afþilja lítið herbergi vestanvert við það skilrúm, sem nú er í húsinu, og setja dyr á skilrúmið, og á nýja gluggann að verða í því herbergi.

6.) Taka 2 stoðir undan dregurunum, en binda þá aptur upp í sperrurnar með 4 járnum.

Teikningu, sem sýnir breytingar þessar, læt jeg fylgja.

Virðingarfyllst
pr. pr. H. TH. A. THOMSEN
Karl Nikulásson.

B. Rok. 165/1910 By. 4

Til byggingarnefndar Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

**THOMSENS MAGASÍN**
H. TH. A. THOMSEN.
REYKJAVÍK.

SÍMNEFNI: H A T. TALSÍMI: I, 2, 3.

Reykjavík 12. Maí 1910.

Hjermeð leyfi jeg mjer að sækja um leyfi hinnar háttvirtu byggingarnefndar til þess, að flytja dyrnar á austurgaflinum á húsinu nr. 2 í Kolasundi (kolapakkhúsinu) lítið eitt til hliðar, sunnan við.

Virðingarfyllst
pr. pr. H. TH. A. THOMSEN
Karl Nikulásson.

B. Rvk. 164/1910 Bx. 4

Til byggingarnefndar Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Þar ed hin heiðraða bygginganefnd Reykjavíkur synjaði mjer leyfis til að innrjetta til íbúðar hús mitt við Skólavörðustíg 4 C. af þeirri ástæðu að ekki fylgdi nægilega mikil lóð meðfram austnorður hlið hússins, þá leyfi jeg mjer enn á ný að sendi hinni heiðruðu bygginganefnd uppdráttinn af nefndu húsi, sem sýnir (rauðu strikin) að nú hefi jeg keypt lóð til viðbótar svo stóra að löglegt er, og því til sönnunar sendi jeg hjer með afsalsbrjef til mín fyrir nefndri lóð. Vonast jeg því til að hin heiðraða bygginganefnd sjái nú ekkert á móti að leyfa nefnda breitingu, og samþykki beiðni mína á næsta fundi sínum.

Reykjavík 10 martz 1910

Virðingarfylst

Jóhannes Lárusson

Til bygginganefndarinnar í Reykjavík

B. Rvk. 16/3 1910 B. 4.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hjer með leyfi jeg undirritaður mjer, að óska eftir samþykki hinnar heiðruðu byggingarnefndar Rvíkur á breytingu þeirri er jeg hefi áformað að gjöra á geymsluhúsi mínu við Lækjargötu 12a. s.br. meðfylgjandi uppdrátt.

Reykjavík 10 marts 1910

Virðingarfyllst

Jóhannes Lárusson

Til byggingarnefndarinnar í Reykjavík

B. Rvk. 162/1910 B.t.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hjermeð leyfi jeg mjer að biðja hina háttvirtu byggingarnefnd Reykjavíkur um leyfi til að byggja íveruhús að stærð 12½ × 12½ með forstofuskúr 3½° × 4° og bakskúr 3½° × 4° og sinir meðfylgandi uppdráttur af húsinu nánara fyrirkomu-lag þess

Ennfremur að byggja heihlöðu og gripahús að stærð 14° × 20° byggingar þessar hefi jeg áformað að byggja innmeð Laugavegi fyrir innan Spítalastíg þarsem jeg vonti þess að fá keypta lóð undir húsin þar af bænum

Virðingarfyllst

Reykjavík 11 Marz 1910

Helgi Jónsson

Til

byggingarnefndarinnar í Reykjavík

B. Rok. 160/1910 By. 4

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hjer með leifi jeg mjer að fara þess á leit við hina háttvirtu byggingarnefnd Reykjavíkur að hún leifi mjer að breiða húsi mínu við Vesturgötu №. 19. Hjer í bænum, sem sje; að setja hæð ofaná alla suðurhlið hússins eptir því miðju. Inngang um vesturenda þess. og stiga uppá loftið. Ennfremur að tilaða reykháf í vesturendanum og fara eldhúsið þangað

Með beiðni þessari læt jeg fylgja uppdrátt af hinni fyrirhuguðu breiðingu.

Reykjavík 10. marz 1910.
Elina Sveinsson

B. Rvk. 159/1910 By. 4

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Landsbanki Íslands

Símnefni: Landsbanki.

Reykjavík 4. marz 1910.

Vjer leyfum oss hjer með að beiðast samþykkis hinnar háttvirtu byggingarnefndar til þess, að Landsbankinn láti breyta þakinu á blikksmiðjunni við Ægisgötu og Nýlendugötu, áður eign Pjeturs heit. Jónssonar, svo að það verði eins og meðfylgjandi uppdráttur sýnir.

Virðingarfyllst:
LANDSBANKI ÍSLANDS.
Björn Kristjánsson
Björn Sigurðsson

Til

byggingarnefndar Reykjavíkur.

Bréfab. 158/10 B.J. 4

Borgarskjalasafn Reykjavíkur



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Útskrift úr byggingarnefndarbók Reykjavíkur

Laugardaginn 12 maj árið 1910 kom bygginga-
nefndin saman á fund og gerðist þar það er hér
um getur.
1. Thomsen leyft að færa dyrnar á austurgaflinum á
húsinu Kolasund 2 fetið eitt til hliðar austur á við
2. Landsbankanum leyft að láta breyta þakinu á
blikksmiðjunni við Ægisgötu og Nýlendugötu (áður eign
Péturs sál. Jónss. blikksm.) þannig að mænir komi á mitt húsið
var áður skúrþak; byggingarnefndin setur það skilyrði
að syllur verði bundnar við þverbita með járnakkerum.
3. Byggingarnefnd leggur til að Helga steinsmið Jónssyni verði
seld lóð undir íbúðarhús og peningshús við Laugaveg
að norðanverðu. Lóðin byrjar 160 álnir austur frá
Spítalavegi og er 50 áln. meðfram Laugavegi; syðri
jaðar lóðarinnar sé 20 álnir norður frá brún
Laugavegar og lóðin 35 álna breið til norðurs.
Um lóðarverðið voru skiftar skoðanir, og varð
ofan á að leggja til 35 aura verð á feralin.
4. Helga steinsmið Jónssyni leyft að reisa íbúðarhús
á ofangreindri lóð (3. lið) 12½° á hvern veg, með tveimur
inngönguskúrum 4°x4°; stigi er of mjór á uppdr.
á að vera 1°9" í minnsta lagi. Byggingarnefnd
gefur fyrir sitt leyti leyfi til að Helgi megi gera
peningshús og hlöðu (í einu húsi) 14°x20° álna
með því skilyrði að það standi að minnsta kosti
5 álnir norður frá fyrirhuguðum götu-jaðri og í
lögákveðinni fjarlægð frá íbúðarhúsinu.
Fram með Laugavegi komi frá austurhorni íbúðar-
hússins þétt og há girðing austur á lóðarmörk.
Hús þessi verða úr steini.
5. Thomsen leyfðar ýmsar breytingar á austurhluta
hússins Hafnarstr. 21 (Bazarinn).
6. Jóhannesi Lárussyni leyft að breyta smiðahúsi

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skólavörðustíg 4 c í íbúðarhús, með því skilyrði að breytingin fari fram undir sérstakri umsjón byggingarfulltrúans og fullnægi í öllum atriðum kröfum b.sm.þ. um íbúðarhús, enn fremur að afsalið fyrir lóðarræmu þeirri, er hann kaupir undir húsið, sé þinglesið.

7. Jóhannesi Lárussyni leyft að breyta geymsluhúsi hans Lækjargötu 12 A, samkv. uppdr. þannig að geymsluhúsið verði 6° x 15° með salerni $4\frac{1}{2}$° x $2\frac{1}{2}$°, en jafnframt rifið niður geymsluhús 5° x $4\frac{1}{4}$°. Hið nýja geymsluhús standi á mörkum með eldvarnarvegg á þrjá vegu.

8. Biskupsfrú Ch. Sveinsson leyft að byggja eina hæð ofan á suðurhelming húss hennar Vesturgötu 19, gera inngöngudyr á vesturgafl hússins, stiga upp frá þeim, og nýjan reykháf í vesturenda hússins.

9. Lárusi H. Bjarnasyni skólastjóra leyft að reisa íbúðarhús 15 x 17° á horninu Tjarnargata–Skothússtígur í Melkotstúni. Húsið standi 5 álnir frá nyrðri lóðarmörkum og 5°–8° frá jaðri Tjarnargötu.

Fleira ekki fyrir tekið.
Á fund vantaði Svein Jónsson og Guðm Olsen.
Fundi slitið.

Páll Einarsson.
Jón Jensson  Sig. Thoroddsen
K. Zimsen.  Rögnvaldur Ólafsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur